

REGLUGERÐ

um úthlutun á opnum tollkvótum á nautakjöti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum á nautakjöti samkvæmt viðauka IV A og 12. gr. tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<i>Tollskrárn.: Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst:</i>			
<i>Sneitt á annan hátt með beini:</i>			
0202.2001	Hryggir og hryggsneiðar	17.02. - 30.09.15	0 316
0202.2002	Læri og lærisneiðar	17.02. - 30.09.15	0 225
<i>Beinlaust:</i>			
0202.3002	Lundir	17.02. - 30.09.15	0 658
0202.3003	Hryggvöðvar	17.02. - 30.09.15	0 489
0202.3004	Vöðvar af læri	17.02. - 30.09.15	0 456
0202.3009	Annað (hakkefni)	17.02. - 30.09.15	0 270

3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. september 2015.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 13. febrúar 2015.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Baldur Sigmundsson.